



Til: Fjárlaganefndar Alþingis.
Frá: Forseta Alþingis.

Reykjavík, 1. desember 2022

Efni: Viðbótarfjárveiting fyrir nýbyggingu Alþingis

1. Í hönnun 3. og 4. hæðar nýbyggingar Alþingis, á svokölluðum þingmannahæðum, er gert ráð fyrir því að starfsfólk þingflokka sinni störfum sínum í verkefnaþiðum vinnurýmum sem eru öll opin fram á gang. Við nánari athugun kom fram að vegna fjölgunar starfsfólks þingflokka, og í ljósi eðlis starfa þessa hóps, er nauðsynlegt að setja lokanir á þessi rými, en þau verða áfram verkefnaþiðu vinnurými þar sem gert er ráð fyrir allt að sex starfsstöðvum. Forsætisnefnd hefur rætt málið og er einhuga um að þetta verði gert. Viðbótarkostnaður vegna þessa er 53,1 m.kr., sjá nánar hjálagt minnisblað frá verkefnisstjóra Framkvæmdasýslu ríkisins – ríkiseigna (FRSE), dags. 28. nóvember 2022.
2. Þá samþykkti forsætisnefnd í febrúar 2022 að bæta við 5. hæð hússins fundarherbergjum sem fyrirhugað var að sleppa í núverandi framkvæmdafasa og bæta við húsið síðar. Forseti Alþingis bar málið upp við fjármálaráðherra og forsætisráðherra sem voru þessu samþykk en hins vegar misfórst að setja inn fjárveitingu til framkvæmdanna í fjárlagafrumvarpið. Kostnaður við þetta er áætlaður um 199,4 m.kr. á verðlagi í dag, sjá meðfylgjandi kostnaðaráætlun.
3. Með vísan til framangreinds óskar forseti Alþingis eftir viðbótarfjárveitingu til nýbyggingar Alþingis í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2023, alls 252,5 m.kr.

Meðfylgjandi er minnisblað frá verkefnisstjóra FSRE með kostnaðaráætlun fyrir lokanir á 3. og 4. hæð og fullnaðarfrágang innanhúss á 5. hæð dags. 27. nóvember 2022 og kostnaðaráætlun fyrir stækkun 5. hæðar dags. 18.02.2022.

FORSETI ALÞINGIS